

Gildandi aðalskipulag (Sveitafélagsuppdráttur)
frá maí 2015, mkv. 1:50.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (Sveitafélagsuppdráttur)
í mars 2021, mkv 1:50.000

Gildandi aðalskipulag (Þéttbýlisuppdráttur)
frá maí 2015, mkv. 1:10.000

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (Þéttbýlisuppdráttur)
í mars 2021, mkv 1:10.000

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK ÞÉTTBÝLIS
- MÖRK SVÆÐISSKIPULAGS MIÐHÁLENDISINS 2015 -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- ÞJÓÐLENDULÍNA -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- MÖRK SÉRUPPDRÁTTAR
- ÍB ÍBÚÐARBYGGÐ
- M MIÐSVÆÐI
- VÞ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
- S SAMFÉLASGÞJÓNUSTA
- AT ATHAFNARSVÆÐI
- I IÐNAÐARSVÆÐI
- E EFNISTÖKU- OG EFNISLOSNUNARSVÆÐI
- F FRÍSTUNDABYGGÐ
- F STÖK FRÍSTUNDAHÚS
- AF AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI
- ÍÞ ÍÞRÓTTASVÆÐI
- K KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR
- FV FLUGVELLIR
- SL SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI
- OP OPIÐ SVÆÐI
- L LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI -TÚN, EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- LANDBÚNARARLAND
- ÓB ÓBYGGT SVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- VB VATNSBÓL -BRUNNSVÆÐI VATNSVERNDAR
- K KATLA JARÐVANGUR -ÁNINGARSTAÐIR, STAÐSETNING TIL SKÝRNAR

VERNDARSVÆÐI

- FRS FRIÐLÝST SVÆÐI
- HV HVERFISVERND
- VG MINJAVERND -FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR
- VF MINJAVERND -HVERFISVERND BÚSETUMINJA

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- HÉRAÐSVEGIR
- LANDSVEGIR
- AÐRIR VEGIR -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- VARNARGARÐAR -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- MEGIN REIÐLEIÐIR
- MEGIN GÖNGULEIÐIR
- VATNSVEITA -STOFNLÖGN
- HITAVEITA -STOFNLÖGN
- RAFVEITA -STOFNLÍNA, LOFTLÍNA
- RAFVEITA -STOFNLÍNA I JÖRÐU
- FJARSKIPTI -STOFNLÖGN LJÓSLEIÐARA
- MÖRK BREYTINGAR

GREINARGERÐ

I vinnslu er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Breytingin nær bæði til sveitarfélagsuppdráttar og þéttbýlisuppdráttar og tóflu í greinargerð um tengivegi í sveitarfélaginu.

Markmið

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina nýjan veg , hringtorg og undirgöng sem mun tengja betur byggðina og íþróttasvæði, auka umferðaröryggi, hægja og létta á umferð um Þjóðveg 1 sem liggur í gegnum þéttbýlið.

Forsendur

Íbúaþróun

Í Rangárþingi eystra hefur orðið þe nokkur fólksfjölgun og á 3 ársfjórðungi 2018 voru íbúar 1900 en í spá um íbúafjölda í gildandi aðalskipulagi kemur fram að áætlaður fjöldi, miðað við miðspá landsmeðaltals Hagstofunnar, árið 2024 séu 1930 íbúar.



Mynd 1. Þróun umferðar frá 2012-2018.

Umferð

Eins og sjá má á linuritinu hér að cfan þá hefur umferð aukist talsvert á milli Hvolsgötu og Oddavegar og þeim mun meira inni í þéttbýlinu sjálfu en árið 2012 var árdagsumferð rúflega 2000 bílar á sólarhring en árið 2018 var taldi hún rúmlega 4200 bíla á sólarhring. Til þess að létta á umferðinni um Hvolsvöll og tengja einnig betur norðurhluta þéttbýlisins sem og framtíðar Íþróttasvæði þá er lagt til að gerður verður nýr vegur sem tengir saman Þjóðveginn og Nýbýlaveg.

Staðhættir og veðurfar

Skipulagssvæðið er í dag að óbyggt svæði en einnig hefur verið talsverð skógrækt innan skipulagssvæðisins. Landið er flatt og nokkuð opið fyrir norðlægum vindum. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands þá naer ný veglína yfir svæði sem skilgreint er sem skógrækt og tún og akurlendi. Suðurlandsundirlendi er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en um það segir á staðreyndasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Suðurlandsundirlendi, frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði er afar gróskumikið og fjölbreytt, þrátt fyrir að mest öllu votlendi hafi verið spillt með framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Á svæðinu er mikið fuglalíf (Einar Ó. Þorleifsson 1995, 1998), m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds (Lilja Jóhannesdóttir o.fl. 2014). Farfuglar dvelja þar hópum saman vor og haust og eins er töluvert fuglalíf á vetrum við auðar ár og vötn og hin síðari er á kornökrum. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima (11 ódul), álft (þrídlegna áætlað um 400 pör) og skúm (178 óðr) og á fartíma fyrir álft (11.052 fuglar) heiðagæs (25.000 fuglar), blesgæs (6.158 fuglar) og grágæs '40.234 fuglar).

Mynd 1. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Minjar

Í tengslum við deiliskipulag fyrir Ofanbyggðaveg var farið í fornleifaskráningu fyrir svæðið sem gerð var sumarið 2020. Samkvæmt skráningunni voru skráðar 13 minjar innan skipulagssvæðisins sem allar voru metnar í hættu vegna framkvæmdarinnar. Minjarnar eru allar á svæði sem tilheyrði jörðinni Stórólfshvoli en þar eru t.a.m. átta tóftir og þrjár þústir, allar tengdar sauðfjárhaldi.

Tengsl við aðrar áætlanir

Landskipulag

Sjálfbærar samgöngur Skipulag landnotkunar felii í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024

Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins kemur fram:

3.4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

- Lögð skal áhersla á bættar samgöngur í sveitarfélaginu öllu.
- Þjóðvegur nr. 1 liggi áfram um þéttbýlið á Hvolsvelli. Unnið verði í samráði við Vegagerðina að endurbótum á umhverfi vegarins sem bæði taki mið af stöðu hans í miðbæ Hvolsvallar og hluterki sem stofnbrautar.

Áætlunin styður þau meginmarkmið sem sett eru fram í aðalskipulaginu en gera þarf breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 til samræmis við deiliskipulag þetta.

Breytingar á aðalskipulagi

Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti fela í sér að settar inn á uppdrætti annars vegar sveitarfélagsuppdrátt og hins vegar þéttbýlisuppdrátt.
Gert er einnig ráð fyrir hringtorgi við Suðurlandsveg en það er ekki skilgreint sértaklega á uppdráttum aðalskipulagsins. Undirgöng verða einnig fyrir hestamenn norðan við hringtorg.

Áhrifamat

Framkvæmdin fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 10.10. þar sem segir að nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tólulið 10.07, 10.08 eða 10.09 falli í flokk C. í flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Viðmiðanir við mat á framkvæmdum eru tilgreindar í 2. viðauka sömu laga en framkvæmdin fellur ekki undir eða hefur áhrif á þá liði sem tilgreindir eru þar.

Helstu umhverfisáhrif nýrra vegtenginga og hringtorgs eru á umferðaröryggi og á landnýtingu.
Umferðaröryggi eykst þar sem dregið er úr hraða þó nokkru áður en komið er að þéttbýlinu auk þess sem umferð er dreift með nýjum Ofanbyggðarvegi. Göngu og reiðleiðir þvera þjóðveg á tveimur örmum en einnig er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir reiðleið norðan við hringtorgið. Landnýting breytist á því svæði sem fellur undir vegstæði hringtorgsins og breikkun vega að hringtorginu og innan veghelgunarsvæðis.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingar sem og við vinnslu deiliskipulags sem unnin er samhliða var horft til gildandi aðalskipulags sem er rúverandi ástand sem valkost og þykir sá kostur ekki raunhæfur til samanburðar. Aðrir kostir sem skoðaðir voru voru smávægilegar tilfæringar á veglínu til þess að raska skráðum fornleifum sem minnst og til þess að ná að fella veglínu að landslagi á sem bestan hátt.

Samráð

Hugmyndir og tillögur voru kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga.
Helstu umsagnaraðilar voru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Rarik



Gildandi Aðalskipulag frá 2015
Mkv. 1:250.000

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 20 ____.

_____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 20____.

_____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.

AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2012-2024
VERKKAUPI - HEIMILISFANG - SÍMI

LANDMÓTUN • HÁMRAÐORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - S: 575 5300 - KT. 561204-2760 - NETF: landmotun@landmotun.is

BREYITNG Á AÐALSKIPULAGI

SVEITAFÉLAGSUPPDRÁTTUR - ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR

SKIPULAG: ÓÖG	SAMÞYKKT	
TEIKNAÐ: ÞMR	KT.	
KVARDI 1: 50.000 - 1:10.000 - A2	KÓPAVOGUR	DAGS. 10.03.2021
VERKNR.	TEIKN. NR.	BR.
8613-SA1903	00	